

## Samkomulag

### um markmið um afkomu og efnahag sveitarfélaga árin 2026–2030 á grundvelli 11. gr. laga um opinber fjármál, nr. 123/2015

#### 1. gr.

##### *Forsendur og markmið*

Samkomulag þetta byggist á lögum um opinber fjármál, nr. 123/2015. Markmið samkomulagsins er að ríki og sveitarfélög stuðli að góðri hagstjórn og styrkri og ábyrgri stjórn opinberra fjármála. Forsendur samkomulagsins eru eftirfarandi:

- Að mótuð verði heildstæð og samhæfð stefnumörkun í opinberum fjármálum sem byggist á grunnildum laganna.
- Að markmið um afkomu og skuldir sveitarfélaga í fjármálastefnunni verði sett að undangengnu samráði við sveitarfélög og taki m.a. mið af fjárhagsáætlunum þeirra.
- Að stefnt verði að skilvirkri og hagkvæmri opinberri fjárstjórn og starfsemi.
- Að eftirlit með stjórn og ráðstöfun opinbers fjár, eigna og réttinda verði virkt og veiti nauðsynlegt aðhald.
- Að vandað verði til undirbúnings áætlana og lagasetningar sem varða efnahag opinberra aðila og öflun og meðferð opinbers fjár.
- Að markvisst verði unnið að því að þróa samstarf milli ríkis og sveitarfélaga við undirbúning stefnumörkunar í opinberum fjármálum.

Samkomulag þetta er gert á grundvelli 11. gr. laga um opinber fjármál þar sem kveðið er á um að tryggt skuli formlegt og reglubundið samstarf við sveitarfélög af hálfu fjármála- og efnahagsráðherra, í samráði við ráðherra sveitarstjórnarmála, um mótun fjármálastefnu og fjármálaáætlunar.

Eins og kveðið er á um í lokamálsgrein 4. gr. laganna byggist fjármálaáætlunin á fyrirliggjandi þingsályktun um fjármálastefnu fyrir hið opinbera fyrir sama tímabil. Í lögnum er einnig áskilnaður um að fjármálastefnan, fjármálaáætlunin og þetta samkomulag ríkis og sveitarfélaga byggist á grunnildum skv. 6. gr. laganna, þ.e. sjálfbærni, varfærni, stöðugleika, festu og gagnsæi, og samræmist jafnframt skilyrðum um heildarjöfnuð og heildarskuldir skv. 7. gr. laganna.

Þá er kveðið á um það í lögnum að ályktun Alþingis um fjármálaáætlun skuli lögð til grundvallar við gerð frumvarps til fjárlaga og fjárhagsáætlana sveitarfélaga fyrir komandi fjárlagaár.

Niðurstaða af samráði aðila er þetta samkomulag og felur það í sér sameiginlega sýn á markmið ríkis og sveitarfélaga í opinberum fjármálum. Samkomulagið er hið sjötta sem gert er á grundvelli laga um opinber fjármál.

## 2. gr.

### *Efnahagsforsendur og hagstjórnarleg markmið*

Hagkerfið er nú því sem næst í jafnvægi en verðbólga er enn yfir markmiði og vextir eru háir. Í stefnuýfirlýsingu ríkisstjórnarinnar kemur fram að hún hyggist ná stjórn á fjármálum ríkisins og skapa skilyrði fyrir lækkun vaxta, m.a. með stöðugleikareglu og stöðvun hallareksturs. Það er mikilvæg forsenda efnahagslegs stöðugleika að umsvif sveitarfélaga, rétt eins og ríkisins, þróist jafnt og ekki umfram það svigrúm sem er til vaxtar opinberra útgjalda til lengri tíma lítið. Fjárhagslegar ákvarðanir sveitarfélaga, rétt eins og ríkisins, þurfa að tryggja að enginn vafi ríki á sjálfbærni opinberra fjármála. Uppbygging fjárhagslegs viðnámsþróttar er ekki síst mikilvæg í ljósi þeirra áhættuþátta sem samfélagið stendur frammi fyrir hverju sinni og geta haft ófyrirséð áhrif á opinber fjármál.

Sambandið mun hvetja sveitarfélög til að:

- Vinna að markmiðum kjarasamninga til að stuðla að lækkun verðbólgu og vaxta.
- Stuðla að jöfnu og nægu framboði lóða sem endurspegli eftirspurn og sem styðji við markmið um uppbyggingu húsnæðis í takt við langtímavöxt samfélagsins.
- Haga fjárfestingum sínum þannig að þær stuðli að því að fjármagnsstofn þeirra á hvern íbúa vaxi á tímabilinu, með áherslu á arðbærar fjárfestingar.

Opinberir launagreiðendur vinni áfram á vettvangi Kjaramálaráðs að því að skilgreina sameiginleg samningsmarkmið við gerð kjarasamninga sem byggjast á hagstjórnarlegum markmiðum fjármálaáætlunar og samkomulagi þessu. Mikilvægt er að kjarastefna opinberra launagreiðenda styðji við samkeppnishæfni þjóðarbúsins, efnahagslegan stöðugleika og langtímajafnvægi opinberra fjármála sem og markmið um gæði opinberrar þjónustu og heilbriggt vinnuumhverfi.

## 3. gr.

### *Afkomuhorfur og afkomumarkmið*

Til að ná hagstjórnarlegum markmiðum fjármálastefnu eru aðilar sammála um að draga jafnt og þétt úr hallarekstri ríkis og sveitarfélaga á tímabili áætlunarinnar, stöðva hækkun skulda hins opinbera í hlutfalli af vergri landsframleiðslu til þess að tryggja sjálfbærni í rekstri hins opinbera þannig að ríki og sveitarfélög séu í stakk búin að bregðast við áföllum í framtíðinni.

Ríki og sveitarfélög eru sammála um eftirfarandi afkomumarkmið sem byggjast á grunnildum laga um opinber fjármál:

- a. Skuldavöxtur hins opinbera (A1-hluta) verði stöðvaður og að skuldahlutfall, eins og það er skilgreint í lögum um opinber fjármál, fari lækkandi á tímabili fjármálaáætlunar. Afkoma hins opinbera fari batnandi yfir tímabilið og dregið verði úr hallarekstri hins opinbera sem hlutfall af VLF.
- b. Samkvæmt uppgjöri Hagstofu Íslands var um 39 ma.kr. halli á afkomu sveitarfélaga árið 2023 sem er um 15 ma.kr. betri afkoma frá fyrra ári. Forsendur áætlunarinnar gera ráð fyrir áframhaldandi bata á tímabilinu og að jöfnuður náist á síðustu árum tímabilsins.
- c. Rekstrarafkoma sveitarfélaga batni og verði stöðug sem hlutfall af VLF á síðari hluta tímabilsins. Fjárfesting verði því sem næst jöfn rekstrarafgangi til að tryggja jöfnuð heildarafkomu.
- d. Forsendur gera ráð fyrir að draga þurfi lítilla úr fjárfestingarstigi sem hlutfalli af VLF á árunum eftir 2026 til að tryggja að jafnvægi náist í heildarafkomu. Raskist afkomuþróunin á þann veg að útlit verður fyrir að sveitarfélög nái ekki ofangreindu afkomumarkmiði þá taki aðilar upp viðræður um hvort grípa þurfi til ráðstafana í því skyni eins og 11. gr. laga um opinber fjármál gerir ráð fyrir.

Ofangreind markmið byggjast á fjárhagsáætlunum sveitarfélaga til næstu fjögurra ára og reiknilíkani sem byggist á framsetningu fjármála sveitarfélaga á grunni þjóðhagsreikninga.

Aðilar eru sammála um að meta skuli sérstaklega þróun fjármála hins opinbera og þar með talið sveitarfélaga á hálfis árs fresti. Hvað varðar fjármál sveitarfélaga skal sérstaklega horft til launakostnaðar, fjárfestinga og þróunar heildarkostnaðar.

Mikilvægt er að fjármál hins opinbera stuðli sem best að jafnvægi í efnahagssumsvifum. Stjórn opinberra fjármála þarf að styðja betur við efnahagslegan stöðugleika. Mikilvægur þáttur í því er að umsvif bæði ríkis og sveitarfélaga þróist jafnt og ekki umfram það svigrúm sem er til opinberra útgjalda til langs tíma litið, með tilliti til m.a. langtímavaxtar þjóðarbúsins. Aðilar samkomulagsins eru sammála um að vinna að endurskoðun fjármálaeigna sveitarfélaga þannig að þau þjóni betur framangreindum markmiðum.

#### 4. gr.

##### *Samvinnuverkefni ríkis og sveitarfélaga*

Í samkomulagi um markmið um afkomu og efnahag sveitarfélaga 2021-2025 og 2024-2024 er fjöldi verkefna tilgreindur sem ráðgert var að vinna á gildistíma samkomulaganna. Sum þessara verkefna eru enn í vinnslu en önnur hafa ekki komið til framkvæmda. Eru aðilar sammála um að samstarfsnefnd ríkis og sveitarfélaga (Jónsmessunefnd) verði falið að yfirfara verkefnin m.t.t. þess hvaða verkefnum skuli hrinda í framkvæmd og þeim forgangsraðað. Fallið verði frá öðrum verkefnum eða þeim komið í annan farveg.

#### 5. gr.

##### *Framkvæmd og gildissvið*

Aðilar þessa samkomulags hafa þann sameiginlega skilning að samkomulag þetta bindi ekki ákvarðanir einstakra sveitarfélaga. Á hinn bóginn, svo samkomulagið hafi þýðingu á sveitarstjórnarstiginu og hafi áhrif á þróun opinberra fjármála í hagstjórnarlegu tilliti, er litið svo á að staðfesting þess af hálfu Sambands íslenskra sveitarfélaga feli í sér kynningu og þau tilmæli af þess hálfu til sveitarfélaga að virða og haga fjármálum sínum næstu ár í samræmi við forsendur og markmið samkomulagsins. Jafnframt að á vettvangi Samband íslenskra sveitarfélaga sé fjallað reglulega um hvort þróun fjármála sé í samræmi við markmiðasetningu.

Jónsmessunefnd hefur yfirumsjón með eftirfylgni og framkvæmd þessa samkomulags. Skal Jónsmessunefnd að lágmarki tvisvar sinnum á ári fjalla um stöðu og horfur í opinberum fjármálum og meta hvort staðan sé í samræmi við þá markmiðssetningu sem felst í þessu samkomulagi.

*Reykjavík, 28. mars 2025*

fjármála- og efnahagsráðherra

formaður sambandsins

innviðaráðherra

framkvæmdastjóri sambandsins

Viðauki: Yfirlit yfir fjármál sveitarfélaga 2023-2030

Á verðlagi hvers árs, ma kr.	Raun			Áætlanir					
	2023	2024	2025	2026	2027	2028	2029	2030	
<b>Heildartekjur</b> .....	<b>556,1</b>	<b>605,1</b>	<b>648,5</b>	<b>689,8</b>	<b>727,1</b>	<b>765,2</b>	<b>803,1</b>	<b>843,1</b>	
Skatttekjur .....	427,3	465,0	501,8	531,8	562,6	594,0	624,8	657,4	
Fjárframlög .....	55,8	61,3	64,1	72,2	75,4	78,5	81,8	85,3	
Aðrar tekjur .....	73,0	78,8	82,5	85,8	89,1	92,7	96,5	100,4	
<b>Heildarútgjöld</b> .....	<b>595,0</b>	<b>627,6</b>	<b>663,4</b>	<b>700,8</b>	<b>730,2</b>	<b>762,6</b>	<b>802,0</b>	<b>840,2</b>	
Reksstrarútgjöld .....	545,6	584,7	615,4	642,5	670,6	701,5	737,4	774,4	
<b>Reksstrarafkoma</b> .....	<b>10,5</b>	<b>20,4</b>	<b>33,1</b>	<b>47,3</b>	<b>56,5</b>	<b>63,8</b>	<b>65,8</b>	<b>68,8</b>	
Fastafjárútgjöld .....	49,4	43,0	48,0	58,3	59,6	61,1	64,6	65,8	
Fjárfesting í efnislegum eignum .....	76,0	70,0	76,1	87,1	89,1	91,3	95,6	97,6	
Afskriftir .....	-26,6	-27,1	-28,0	-28,8	-29,5	-30,3	-31,0	-31,8	
<b>Heildarafkoma</b> .....	<b>-38,9</b>	<b>-22,6</b>	<b>-15,0</b>	<b>-11,0</b>	<b>-3,0</b>	<b>2,7</b>	<b>1,1</b>	<b>3,0</b>	
<b>Hlutfall af VLF%</b> .....	<b>-0,9%</b>	<b>-0,5%</b>	<b>-0,3%</b>	<b>-0,2%</b>	<b>-0,1%</b>	<b>0,0%</b>	<b>0,0%</b>	<b>0,0%</b>	